

Maí 2020




# Íslensk utanríkismál

Útdráttur úr skýrslu utanríkis-  
og þróunarsamvinnuráðherra  
til Alþingis 2020

Stjórnarráð Íslands  
Utanríkisráðuneytið



## Samstarf ríkja á vettvangi efnahagsmála, viðskipta, varna og stjórnmála



Útgefandi: Utanríkisráðuneytið, Maí 2020

Ljósmyndir: Utanríkisráðuneytið (5,15) Sigurjón Ragnar (6,9) Jouni Porsanger (8) NATO (11) Pontus hook (13)

# Stórafmæli í skugga heimsfaraldurs



Áttatíu ára afmæli utanríkisþjónustunnar 10. apríl síðastliðinn bar upp á tímum sem með réttu hafa verið kallaðir fordæmalausir; þegar COVID-19 heimsfaraldurinn hafði af fullum þunga riðið yfir heimsbyggðina og þjóðir heims stóðu ekki aðeins frammi fyrir alvarlegri heilsufarsógn, heldur mögulega mestu heimskreppu okkar tíma. Margt hefur breyst á þeim átta áratugum frá því Íslendingar ákváðu að taka meðferð utanríkismála í eigin hendur, en meginhlutverkið er óbreytt: að standa vörð um hagsmuni lands og þjóðar á erlendum vettvangi.

Mikilvægi þessa hlutverks hefur sjaldan komið eins rækilega í ljós og á nýliðnum vikum, þegar starfsfólk utanríkisþjónustunnar heima og erlendis hefur unnið þrotlaust að því að aðstoða um tólf þúsund Íslendinga sem voru erlendis þegar faraldurinn braust út.

Átján mánaða setu Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna lauk um síðustu áramót. Hún er eitt veigamesta hlutverk Íslands á alþjóðavettvangi. Framganga okkar vakti verðskuldaða eftirtekt, ekki síst þegar ráðið samþykkti ályktun sem Ísland lagði fram um stöðu mannréttindamála á Filippseyjum. Forystuhlutverk okkar í mannréttindaráðinu var að vissu leyti prófsteinn á það hvernig íslenska utanríkisþjónustan tekst á við stór og vandasöm verkefni. Með réttu má segja að hún hafi staðist þá prófraun með miklum sóma.

Á síðasta ári kynnti utanríkisráðherra Alþingi í fyrsta sinn sérstaka skýrslu um EES-samninginn. Það undirstrikar mikilvægi þessa einstaka samnings sem hefur gjörbreytt íslensku viðskiptaumhverfi á þeim aldarfjórðungi sem liðinn er frá gildistöku hans. Á sama tíma hefur utanríkisráðuneytið lagt áherslu á að byggja upp enn nánara samstarf við Bandaríkin, stærsta einstaka markað íslenskra útflytjenda. Hagsmunagæsla Íslands vegna útgöngu Breta úr Evrópusambandinu hefur einnig verið forgangsmál og senn mun Ísland hefja samningaviðræður við Bretland um framtíðarsamskipti ríkjanna.

Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamningur við Bandaríkin eru sem fyrr hornsteinar í íslenski utanríkisstefnu. Breytt öryggisumhverfi í Evrópu kallar á aukinn viðbúnað í heimshluta okkar og það skýrir umtalsverðar framkvæmdir á flugskýlum og öðrum mannvirkjum á öryggissvæðinu á Keflavíkflugvelli. Eins hefur samvinna Íslands við aðrar Norðurlandþjóðir, auk Bretlands og fleiri ríkja orðið umfangsmeiri og nánari.

Á vettvangi Norðurskautsráðsins, þar sem Ísland tók við tveggja ára formennsku í maí 2019, gefst Íslendingum einnig tækifæri til að halda á lofti áherslumálum sem tengjast sjálfbærri þróun, málefnum hafsins, loftslagsmálum og endurnýjanlegri orku, ásamt fólki og samfélögum á norðurslóðum. Ísland á ríkra hagsmuna að gæta í hagfelldri þróun þessa mikilvæga svæðis. Formennska okkar í ráðinu dregur athygli að Íslandi, eykur vægi landsins á alþjóðavettvangi og getur þannig stuðlað að því að áherslur okkar á sjálfbæra þróun fái aukinn hljómgrunn.

Þróunarsamvinna hefur fengið aukið vægi innan ráðuneytisins og Alþingi samþykkti fyrir ári nýja stefnu í málaflokknum sem endurspeglar áherslur Íslendinga um að nýta sértæka þekkingu okkar til uppbyggingar innviða og atvinnuvega í þróunarríkjunum.

*Guðlaugur Þór Þórðarson,  
utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra*

# COVID-19: Tímabundin umbylting utanríkisþjónustunnar



Þegar heimsfaraldur vegna kórónaveiru skall á heimsbyggðina snemma árs 2020 reyndist nauðsynlegt að umbylta störfum utanríkisþjónustunnar tímabundið til að bregðast við þessum fordæmalausum aðstæðum. Sveigjanleiki þjónustunnar, sem lögð hefur verið rík áhersla á að hlúa að og efla, reyndist ómetanlegur þegar um helmingur allra starfsmanna tók þátt í því að aðstoða hátt í tólf þúsund Íslendinga erlendis.

Líkt og annars staðar í þjóðfélaginu fóru hefðbundin verkefni úr skorðum og viðamiklar áætlanir um heimsóknir, viðburði og ráðstefnur þurfti að endurskoða með hraði. Utanríkisþjónustan hefur ásamt Íslandsstofu lagt sig fram um að aðstoða íslensk útflutningsfyrirtæki að feta sig við gjörbreyttar aðstæður og vinnur áfram að því að kortleggja hindranir og greiða úr þeim eftir því sem hægt er.

## Methraði í samningagerð

Hörð samkeppni hefur ríkt á heimsvísu um hlífðarbúnað, öndunarbúnað og fleiri nauðsynjavörur fyrir heilbrigðisgeirann og utanríkis-


þjónustan hefur lagt sig fram um að liðka fyrir innflutningi á þeim vörum. Sendiráð Íslands í Kína hefur greitt fyrir kaupum og flutningum á vörum frá Kína og stjórnvöld hafa átt gott samráð við japönsk stjórnvöld í baráttunni við faraldurinn. Með samstilltu átaki innan stjórnsýslunnar tókst á methraða að ná samningum um sameiginleg innkaup á lækningavörum í Brussel og einnig að forða því að Evrópusambandið setti á útflutningsbann til EFTA-ríkjanna á tilteknum hlífðarbúnaði fyrir heilbrigðisstarfsfólk.

## Borgarþjónusta - staðsetning Íslendinga og borgaraflug í heimsfaraldri





## Heimsfaraldur vegna kórónaveiru Borgarþjónusta frá 14.3 til 29.4 2020



## Norræn samvinna og alþjóðlegt samstarf

Þegar veiran tók að láta á sér kræla utan Asíu má segja að nokkurs glundroða hafi gætt í alþjóðlegu samstarfi, ekki síst innan Schengen, eins og fyrirvaralausar landamæralokanir vítt og breitt sýndu glögg. Þegar á leið rofaði til og meðal helstu samstarfsríkja hefur ríkt eining um að standa vörð um alþjóðlegt samstarf og stofnanir á borð við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina – því öllum má ljóst vera að veiran virðir engin landamæri.

Norrænt samstarf hefur sannað gildi sitt sem kristallast í því nána samstarfi sem verið hefur milli borgarþjónustu landanna undanfarnar vikur. Meðal Norðurlandanna ríkir samstaða um að efla þurfi mannréttindi og lýðræði sem eiga undir högg að sækja á tímum kórónuveirunnar og styðja fátækustu ríkin, í samstarfi við alþjóðastofnanir og mannúðarsamtök. Ísland lætur ekki sitt eftir liggja. Þegar hefur verið ákveðið að verja 276 milljónum til að styðja viðbrögð þróunarríkja við faraldrinum í gegnum alþjóðastofnanir, mannúðarsamtök og tvíhliða samstarfsverkefni.



| 14. mars 2020. Ráðherra og starfsmenn skipuleggja starfið framundan.

## FRÉTTIR AF UTANRÍKISMÁLUM

### Sækja lækningavörur frá Kína

**7. apríl 2020** Íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa samið við Ícelandair um að sækja pöntun af hlífðarbúnaði fyrir heilbrigðisstarfsmenn til Kína. Búnaðurinn var pantaður fyrir nokkru síðan, þegar ljóst var hvað í stefndi vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Sendiráð Íslands í Kína hefur unnið að því í samráði við yfirvöld hér heima að festa kaup á þessum vörum og tryggja leyfi fyrir útflutningi og sendiráð Kína á Íslandi hefur einnig veitt góða aðstoð við þetta verkefni.

### Sendiskrifstofur og borgarþjónusta standa vaktina víða um heim

**26. mars 2020** Borgarþjónusta utanríkisráðuneytisins veitir Íslendingum vernd og aðstoð í neyðartilfellum erlendis og er ein af grunnstöðum utanríkisþjónustunnar. Starfsfólk sinnir verkefnum í húsnæði utanríkisráðuneytisins í Reykjavík og sendiskrifstofum Íslands í þremur heimsálfum.

### Íslensk fjölskylda í Kína aðstoðuð við heimferð

**21. febrúar 2020** Borgarþjónusta utanríkisráðuneytisins og sendiskrifstofurnar í Peking og París, í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið, sóttvarnalækni og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, unnu í samstilltu átaki að heimflutningi íslenskrar fjölskyldu frá Wuhan í Kína í dag ... Miklar takmarkanir eru á samgöngum frá Wuhan en í gegnum almannavarnasamstarf Evrópu, sem Ísland á fulla aðild að, var hægt að koma fólkinu í sérstakt flug til Frakklands sem var skipulagt fyrir Evrópubúa á svæðinu.

# Ísland og utanríkisviðskipti



Utanríkisviðskipti eru undirstaða hagsældar á Íslandi og ein af meginstoðum utanríkisstefnu Íslands. EES-samningurinn og net viðskiptasamninga opnar markaði fyrir íslensk fyrirtæki. Með breytingum á Íslandsstofu hefur þjónusta og samráð við atvinnulífið verið eft. Hagsmunagæsla tengd Brexit heldur áfram að vera umfangsmikil.

## Fríverslunarnet Íslands stækkar

50 ár eru liðin frá því að Ísland gerðist aðili að EFTA. Fríverslunarnet EFTA nær nú til 40 ríkja og landsvæða utan ESB. Ísland hefur fullgilt fríverslunarsamninginn við Indónesíu en samningurinn hefur ekki tekið gildi þar sem Indónesía hefur ekki fullgilt hann. Unnið er að því að finna dagsetningu fyrir undirritun fríverslunarsamnings við Mercosur-ríkin Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ. Viðræður standa yfir um gerð fríverslunarsamninga við Indland, Malasíu og Víetnam. Undir


lok árs 2019 drógu færeysk stjórnvöld til baka uppögn á Hoyvíkursamningnum um fríverslun milli Íslands og Færeyja.

Fyrsti fundur í viðskiptasamráði sem utanríkisráðherrar Íslands og Bandaríkjanna komu á fót fór fram í júní í Reykjavík og í september stýrðu utanríkisráðherra og varaforseti Bandaríkjanna hringborðsumræðum um viðskiptamál. Í nóvember fór utanríkisráðherra til fundar við utanríkisráðherra Rússlands í Moskvu ásamt fjölmennri viðskiptanefnd fulltrúa nítján íslenskra fyrirtækja.

## Viðskiptasamningar

**74**   
Fríverslunarsamningar við samtals 74 ríki og landsvæði, þar af þrír sem biða fullgildingar.

**115**   
loftferðasamningar og viljayfirlýsingar sem veita heimildir til viðskiptaflugs.

**10**   
Ísland hefur gert fjárfestingasamninga við 10 ríki auk annarra samninga sem taka til fjárfestinga.

**44**   
Tvísköttunarsamningar við samtals 44 ríki eru komnir til framkvæmda, þ.m.t. samningur við Japan frá 2018.



Frá hringborðsumræðum um viðskipti Íslands og Bandaríkjanna í september 2019. Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra og Mike Pence, varaforseti Bandaríkjanna, fóru fyrir sendinefndunum.

## Umfangsmiklar viðræður við Bretland

Útganga Bretlands úr Evrópusambandinu 31. janúar síðastliðinn kemur til með að hafa umtalsverð áhrif á samskipti Íslands og Bretlands en í aldarfjórðung hafa samskipti ríkjanna byggt á EES samningnum. Enn hefur engin breyting orðið, því á aðlögunartímabilinu til ársloka 2020, er Bretland áfram bundið af regluverki ESB og þar með talið alþjóðasamningum. Viðræður um framtíðarsamband við Bretland hefjast í maí á þessu ári. Yfirlýst stefna breskra stjórnvalda er að ljúka viðræðunum við ESB og önnur nán samstarfsríki eins og Ísland og hin EFTA-ríkin áður en aðlögunartímabilinu lýkur. Árið 2020 verður því ákaflega annasamt þegar kemur að viðræðum við Bretland.

### Viðræður um framtíðarsamband við Bretland skiptast í þrjú megin svið



**Fríverslunarviðræður**  
12 til 14 vinnuhópar



**Samningar sem falla utan fríverslunarviðræðna**  
4 til 8 vinnuhópar



**Útgöngusamningur og tengd málefni**  
2 til 3 vinnuhópar

## Íslandsstofa og aukið samstarf við atvinnulífið

Áfram hefur verið unnið að því að efla og breyta Íslandsstofu í kjölfar nýrra laga frá árinu 2018, með það að markmiði að hún geti sinnt hlutverki sínu enn betur gagnvart fyrirtækjum á sviði útflutnings, fjárfestinga og ferðaþjónustu. Fagleg stjórn tólf viðskiptafulltrúa sem eru við störf á ellefu sendiskrifstofum Íslands erlendis, hefur verið færð undir Íslandsstofu. Síðastliðið haust kynnti Íslandsstofa langtímastefnumótun stjórnvalda og atvinnulífs fyrir íslenskan útflutning þar sem samstaða var um að sjálfbærni væri samnefnari yfir áherslur Íslands í markaðsstarfi.

## Samstarfssjóður atvinnulífs og stjórnvalda um heimsmarkmiðin

Nýr samstarfssjóður atvinnulífs og íslenskra stjórnvalda um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna er kominn á fullt skrið. Sjóðurinn er ætlaður samstarfsverkefnum fyrirtækja í þróunarríkjum og lögð er sérstök áhersla á að verkefni styðji við heimsmarkmið númer átta um mannsæmandi atvinnu og sjálfbæran hagvöxt. Fyrstu íslensku fyrirtækin sem vinna með stjórnvöldum gegnum sjóðinn eru Marel og Thoregs.

## FRÉTTIR AF UTANRÍKISMÁLUM

### Samningur vegna útgöngu Bretlands úr Evrópska efnahagssvæðinu undirritaður

**28. janúar 2020** Í dag undirrituðu utanríkisráðherrar Íslands, Noregs og Liechtenstein samning við Bretland vegna útgöngu Bretlands úr Evrópska efnahagssvæðinu. Samningurinn tryggir m.a. að Íslendingar sem búa í Bretlandi eða flytja þangað fyrir lok hins svokallaða aðlögunartímabils geti verið þar áfram og að réttindi þeirra verði í öllum grundvallaratriðum óbreytt. Þetta á einnig við um breska ríkisborgara sem búa á Íslandi.

### Utanríkisráðherra og varaforseti Bandaríkjanna leiddu hringborðsumræður um viðskipti

**4. september 2019** Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra og Mike Pence, varaforseti Bandaríkjanna, leiddu hringborðsumræður um samstarf á sviði efnahags- og viðskiptamála og um vísinda- og menningarleg tengsl Íslands og Bandaríkjanna með forsvarsmönnum atvinnulífs beggja landa á fundi í Höfða í dag. Utanríkisráðherra undirstrikaði mikilvægi heimsóknar varaforseta Bandaríkjanna til að efla samstarf Íslands og Bandaríkjanna.

### Utanríkisráðherrar Íslands og Rússlands ræddu norðurslóðir og viðskipti

**26. nóvember 2019** Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra og Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, ræddu norðurslóðamál, tvíhliða samskipti og viðskipti á fundi sínum í Moskvu í dag. Þá voru öryggismál í Evrópu og alþjóðamál einnig til umræðu. Málefni norðurslóða voru einmitt í brennidepli á fundinum í dag en þar undirrituðu ráðherrarnir sameiginlega yfirlýsingu um áframhaldandi samstarf innan Norðurskautsráðsins.

# Saman til sjálfbærni á norðurslóðum



Ísland tók við formennsku í Norðurskautsráðinu til tveggja ára á ráðherra-fundi ráðsins í maí á síðasta ári undir yfirskriftinni „Saman til sjálfbærni á norðurslóðum“. Norðurskautsráðið er mikilvægasti samráðsvettvangurinn um málefni norðurslóða og alþjóðapólitískt vægi formennskunnar hefur aukist til muna á undanförunum árum. Yfirskrift formennsku Íslands endurspeglar í senn breyttar aðstæður í þessum heimshluta og þær úrlausnir sem íslensk stjórnvöld tala fyrir.

Í formennskutíð Íslands er lögð áhersla á málefni hafsins, loftslagsmál og endurnýjanlega orku, og fólk og samfélög á norðurslóðum ásamt því að efla enn frekar starfsemi Norðurskautsráðsins. Starf ráðsins fer að mestu leyti fram í sex vinnuhópum en alls telja starfsáætlanir þeirra hátt í hundrað verkefni á formennskutíma Íslands. Á liðnu ári hafa fundir Norðurskautsráðsins verið haldnir víða um land. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra hefur hleypt af stokkunum þverpólitískri vinnu við endurskoðun á stefnu Íslands í mállefnum norðurslóða. Stefnt er að því að ráðherra leggi fram tillögu til þingsályktunar um nýja norðurslóðastefnu á næsta löggjafarþingi.

## Formennskuviðburðum frestað

Meðal þeirra viðburða sem aflýsa þurfti eða fresta vegna Covid-faraldursins voru fjölmennir fundir á vegum formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu. Faraldurinn hamlar líkast til venjulegri starfsemi Norðurskautsráðsins fram eftir ári og því hefur verið unnið að endurskipulagningu formennskuáætlunar Íslands. Leitað er leiða til að halda kröftugu starfi Norðurskautsráðsins áfram þrátt fyrir breyttar forsendur funda og viðburða.



Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, tekur við formennskukeflinu af Timo Soini, þáverandi utanríkisráðherra Finnlands, á ráðherrafundi Norðurskautsráðsins í Rovaniemi í Finnlandi í maí 2019.

## Aðildarríki Norðurskautsráðsins


Bandaríkin, Danmörk (Færeyjar og Grænland), Finnland, Ísland, Kanada, Noregur, Svíðþjóð og Rússland





## Könnun um viðhorf Íslendinga varðandi norrænt samstarf

Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ert þú gagnvart því að Ísland taki virkan þátt í norrænu samstarfi?



## Viðburðaríkt ár í Norðurlandasamstarfinu

Ísland gegndi formennsku í samstarfi norrænna utanríkisráðherra (N5) og utanríkisráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna (NB8) árið 2019. Á vettvangi N5 hittust ráðherrarnir þrisvar sinnum á formennskuárinu, meðal annars á sumarfundi í Borgarnesi í september, og tvisvar á vettvangi NB8. Ísland var einnig í formennsku í Norrænu ráðherranefndinni og í samstarfi forsætisráðherra Norðurlanda. Alls voru haldnir um þrjátíu norrænir ráðherrafundir, að meðtöldum fundum fagráðherra, á árinu 2019. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra átti auk þess þrettán formlega tvíhliða fundi með norrænum utanríkisráðherrum.



Frá Borgarnesfundi utanríkisráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í september 2019.

Eitt stærsta málið á vettvangi norrænna utanríkisráðherra var að samstaða náðist um tillögu utanríkisráðherra að fela Birni Bjarnasyni, fyrrverandi ráðherra, að skrifa skýrslu um aukið samstarf Norðurlandanna í utanríkis- og öryggismálum, meðal annars með tilliti til loftslagsbreytinga, netógnna og mikilvægi þess að styðja við alþjóðasamvinnu og alþjóðalög. Um er að ræða vinnu sem er sambærileg við Stoltenberg-skýrsluna frá árinu 2009. Gert er ráð fyrir að skýrslan verði tilbúin um mitt ár 2020.

## FRÉTTIR AF UTANRÍKISMÁLUM

### Björn Bjarnason höfundur nýrrar skýrslu um norræna alþjóða- og öryggissamvinnu

**30. október 2019** Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra er staddur í Stokkhólmi þar sem hann tekur þátt í dagskrá Norðurlandaráðsþings sem fer fram í Stokkhólmi 29.-31. október. Náðist samstaða um að fela Birni Bjarnasyni, fyrrverandi ráðherra, að skrifa nýja skýrslu þar sem gerðar verða tillögur um hvernig megi þróa samstarf Norðurlandanna enn frekar.

### Ísland tekur við formennsku í Norðurskautsráðinu

**7. maí 2019** Ísland tók við formennsku í Norðurskautsráðinu á fundi utanríkisráðherra ráðsins sem lauk fyrr í dag í Rovaniemi í Finnlandi og tók Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra við formenskukeflinu af Timo Soini, finnskum starfsbróður sínum. Á fundinum var farið yfir starf Norðurskautsráðsins undanfarin tvö ár og lagður grunnur að verkefnum næstu tveggja ára í formennskutið Íslands.

### Norðurskautsráðið og Efnahagsráð norðurslóða funda saman í fyrsta sinn

**9. október 2019** Nú stendur yfir fundur Norðurskautsráðsins og Efnahagsráðs norðurslóða en þetta er í fyrsta sinn sem ráðin koma saman. Fundurinn er liður í þeirri stefnu að auka samstarf milli ráðanna tveggja en hann er sóttur af fulltrúum aðildarríkja Norðurskautsráðsins, vinnuhópa ráðsins, fastafulltrúum frumbyggjasamtaka á norðurslóðum og fulltrúum viðskiptalífs.

# Ísland og Þjóðaröryggi



Alþjóðalög og virkt alþjóðlegt samstarf er herlausum ríkjum sérstaklega mikilvægt. Ísland tryggir öryggi sitt og varnir með virku samstarfi við önnur ríki, einkum með aðildinni að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningi við Bandaríkin ásamt þátttöku í starfi Sameinuðu þjóðanna, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og samstarfi við grannríki á sviði öryggismála. Þjóðaröryggisstefnan er leiðarljós en hún nær til virkrar utanríkisstefnu, varnarstefnu og almannaöryggis.

## Samstarf við Atlantshafsbandalagið

Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins leggur Ísland áherslu á pólitíska samstöðu um eflingu öryggis, stöðugleika og sameiginlegra varna, samhliða því að leita leiða til að draga úr spennu og byggja upp traust. Öryggismál og viðbúnaður á Norður-Atlantshafi, vopnatakmarkanir og afvopnunarmál, auk virkrar þátttöku kvenna í öryggismálum halda áfram að vera forgangsmál. Í samstarfi við Atlantshafsbandalagið ábyrgjumst við rekstur íslenska loftvarnakerfisins, eftirlitskerfa með hafsvæðum, samskiptakerfa, og annarra mannvirkja og búnaðar á Íslandi.

### Framkvæmdir og viðhald varnarmannvirkja

Í takt við þróun öryggismála í Evrópu hefur reglubundin viðvera Bandaríkjamanna og annarra Atlantshafsbandalagsríkja aukist á Íslandi vegna kafbátaeftirlits, loftrýmismisgæslu og varnaræfinga. Ráðist hefur verið í nauðsynlegar endurbætur og viðhald á varnarmannvirkjum samhliða því nýjum framkvæmdum til að styðja við aukna viðveru í samræmi við varnarskuldbindingar Íslands og þjóðaröryggisstefnu Íslands. Framkvæmdirnar eru fjármagnaðar af Íslandi, Bandaríkjunum og Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins.

## Þátttaka Íslands í varnaræfingum

Áfram er gert ráð fyrir þátttöku Íslands í undirbúningi og framkvæmd umfangsmikilla varnaræfinga á og við Ísland. Vegna breytts öryggisumhverfis á norðurslóðum hefur aukinn kraftur færst í þær. Vegna COVID-19 varð að aflýsa tvíhliða varnaræfingunni Norðurvíkingi og enn er óljóst hvort kafbátaleitaræfing Atlantshafsbandalagsins verði haldin en hún er á dagskrá í júní. Stefnt er að því að bæði Norðurvíkingur og kafbátaleitaræfingarnar verði framvegis haldnar annað hvert ár.

## Mótvindur í afvopnunarmálum

Aukin áhersla er lögð á afvopnun og takmörkun vígbúnaðar á alþjóðavettvangi og Ísland tekur virkan þátt í þeirri vinnu. Mikil óvissa ríkir í afvopnunarmálum og áhyggjur fara vaxandi af framtíð samninga á þessu sviði. Þá hafa örar tækniframfarir í för með sér nýjar ógnir og áskoranir auk þess sem sú heilsuvá sem heimurinn stendur frammi fyrir vegna COVID-19 kemur til með að hafa áhrif, ekki síst í ljósi hættu á átökum og þjóðfélagslegri upplausn.



Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, heimsótti Ísland í júní 2019. Hér er hann ásamt Önnu Jóhannsdóttur, þáverandi fastafulltrúa Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu, og Hamish Kirkland, yfirmanni flugsveita í bandaríska sjóhernum. Kafbátarleitavélin er af gerðinni P-8A Poseidon.

## Íslenska friðargæslan

Á liðnu ári störfuðu þrettán borgaralegir sérfræðingar á vegum Íslensku friðargæslunnar, sex konur og sjö karlar, meðal annars í Georgíu, í Afganistan og í samstöðuáðgerðum í Eistlandi og Litháen. Í ár stendur einnig til að leggja til sérfræðing til samstöðuáðgerða í Lettlandi. Auk fulltrúa á vettvangi leggur Ísland til sérfræðinga í Belgíu, Bretlandi og í Bandaríkjunum. Auk þess að leggja til sérþekkingu stuðla þeir að því að áherslur Íslands endurspeglar í áætlanagerð og störfum Atlantshafsbandalagsins. Á síðasta ári voru tímamót í starfi Íslensku friðargæslunnar þegar 17 ára viðveru Íslands í Afganistan lauk.

## Norrænt varnarsamstarf

Á sviði varnar- og öryggismála hefur samvinna Íslands við aðrar Norðurlandabjóðir, auk Bretlands, Þýskalands og Eystrasaltsríkjanna, orðið nánari og umfangsmeiri. Í samstarfi Norðurlandanna eru þessir málaflokkar einkum reknir innan vébanda norræna varnarsamstarfsins (NORDEFCO) en Ísland tekur þátt í borgaralega hluta þess.

## Framlag Íslands til Atlantshafsbandalagsins 2019



Rekstur íslenska loftvarnarkerfisins, sem er hluti af samþættu loftvarnakerfi NATO. Ratsjárnar spanna stórt svæði á Norður-Atlantshafi.

140



Rekstur og umsjón með 140 varnarmannvirkjum NATO á Íslandi.

13



borgaralegir sérfræðingar störfuðu víða um heim við fjölbreytt verkefni hjá NATO, allt frá jafnréttismálum til þjálfunar í sprengjueyðingu.

4.000



Gistiríkjustuðingur fyrir liðsafla bandalagsríkjanna. Hátt í fjögur þúsund manns dvöldust á Keflavíkurflugvelli í fyrra.

## FRÉTTIR AF UTANRÍKISMÁLUM

### Stigmögnun ástandsins í Írak og Íran á meðal umræðuefna á fundi norrænna varnarmálaráðherra

**17. janúar 2020** Varnarmálaráðherrarinn hittast tvisvar á ári á vettvangi NORDEFCO sem er lykilsamstarfsvettvangur Norðurlandanna í öryggis- og varnarmálum. Stigmögnun ástandsins í Írak og Íran var meðal umræðuefna og var mikil samstaða um að nauðsynlegt væri að tryggja öryggi alþjóðalíðsins í Írak. Alþjóðaliðið hefur m.a. sinnt þjálfunarverkefnum í Írak sem hefur reynst mikilvægur liður í baráttunni við hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við íslamska ríkið.

### Forsætisráðherra og utanríkisráðherra sækja fund leiðtoga Atlantshafsbandalagsins í London

**3. desember 2019** Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, og Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra, sækja fund leiðtoga Atlantshafsbandalagsins í Lundúnum sem hefst í dag. Leiðtogafundurinn er haldinn í tilefni af sjötíu ára afmælisári Atlantshafsbandalagsins. Meginefni fundarins eru breytt öryggisumhverfi, horfur í afvopnarmálum, áðgerðir gegn hryðjuverkum, fjárframlög til bandalagsins og samskiptin við Rússland.

### Framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins í heimsókn á Íslandi

**11. júní 2019** Öryggismál á Norður-Atlantshafi, fyrirhuguð verkefni Íslands í Kosovo, norrænt öryggismálasamstarf og fjölþátta ógnir voru aðalræðuefni á fundum Katrínar Jakobsdóttur, forsætisráðherra, og Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, utanríkisráðherra, með Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins. Stoltenberg er staddur hér á landi í heimsókn í boði forsætisráðherra.

# Ísland lætur að sér kveða í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna



Seta Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í Genf er eitt veigamesta hlutverk sem Ísland hefur gegnt á alþjóðavettvangi en henni lauk um áramótin. Þetta var í fyrsta sinn sem Ísland tekur sæti í mannréttindaráðinu. Almenn ánægja ríkir um framgöngu Íslands sem sýndi að fámenn ríki geta haft afgerandi áhrif og jafnframt að íslensk utanríkisþjónusta ráði fyllega við verkefni af þessum toga. Í einu af mörgum þakkarbréfum sem utanríkisráðherra bárust sagði að með setunni hafi Íslandi tekist „á áhrifaríkan hátt að fá ríki hvaðanæva úr heiminum í lið með sér“.

## Frumkvæði Íslands vekur athygli

Ísland var kosið í mannréttindaráðið í júlí 2018 í kjölfar þess að Bandaríkin gengu úr því. Áherslur Íslands í ráðinu voru á jafnréttismál, réttindi hinsegin fólks (LGBT+), réttindi barna, umbætur á starfsemi mannréttindaráðsins og tengsl mannréttinda við umhverfismál. Frá upphafi var skýr vilji hjá íslenskum stjórnvöldum að láta að sér kveða í ráðinu. Mikla athygli vakti þegar Ísland hafði frumkvæði að því að flutt var sameiginlegt ávarp, af hálfu 36 ríkja, um bág ástand mannréttinda í Sádi-Arabíu. Eins þegar Ísland hafði frumkvæði að því að mannréttindaráðið samþykkti ályktun um stöðu mannréttinda á Filippseyjum. Þótt íslensk stjórnvöld hafi ekki hikað við að gagnrýna ísraelsk stjórnvöld þegar tilefni hefur verið til, hafa þau jafnframt bent á þá hlutdrægni sem felst í því að málefni Ísraels og Palestínu skuli heyra undir sérstakan fastan dagskrárlið í ráðinu, en slíkt á ekki við um nokkurt annað ríki.

## Áhersla á jafnréttismál

Áhersla á jafnrétti og mannréttindi kvenna einkenndi málflutning Íslands. Þátttaka forsætisráðherra í umræðum mannréttindaráðsins var til marks um þær áherslur. Hámarki náði vinna fulltrúa Íslands í þeim efnum þegar mannréttindaráðið samþykkti ályktun Íslands og fleiri ríkja og stofnana um jöfn laun til handa körlum og konum. Ísland gerði einnig réttindum hinsegin fólks hátt undir höfði.




Sérstök skýrsla var gefin út um setu Íslands í mannréttindaráðinu í febrúar síðastliðnum. Áhersla var lögð á að allt starf Íslands færi fram fyrir opnum tjöldum og unnið var í nánú samstarfi við utanríkismálanefnd Alþingis og stýrihóp Stjórnarráðsins um mannréttindi.



## Stórafmæli Sameinuðu þjóðanna

Sameinuðu þjóðirnar fagna á þessu ári 75 ára afmæli. Tíma-mótin gefa bæði tilefni til þess að horfa um öxl og fram á veg, minnst árangursins af starfi í þágu mannréttinda, friðar og sjálfbærrar þróunar, og efna til umræðu um leiðir til að mæta nýjum áskorunum. Leiðtogafundur um framtíð Sameinuðu þjóðanna verður í september en Íslandi og Singapúr var falið í fyrra að leiða viðræður um það hvernig fagna eigi stórafmælinu.

### Vitund um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna meðal almennings



Aukin þátttaka og virkni í starfi Sameinuðu þjóðanna er í samræmi við stefnu stjórnvalda, náið samstarf er milli Norðurlandanna og heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun eru alltumlykjandi á nánast öllum sviðum. Íslensk stjórnvöld lögðu á síðasta ári fram skýrslu til Sameinuðu þjóðanna um innleiðingu markmiðanna en utanríkisráðuneytið ber ábyrgð á innleiðingu markmiða sem lúta að alþjóðastarfi og þróunarsamvinnu.



| Sendinefnd Íslands á 74. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

### Samningar við FAO og IFAD

Utanríkisráðuneytið gerði á síðasta ári formlegt samkomulag við Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) um stuðning í baráttunni gegn ólöglegum veiðum og tækniaðstoð um málefni hafsins. Einnig hófst formlegt samstarf við Alþjóðasjóð um þróun landbúnaðar (IFAD) um að nýta íslenska þekkingu, ekki síst í tengslum við bláa hagkerfið. Báðar stofnanirnar eru með höfuðstöðvar í Róm.

## FRÉTTIR AF UTANRÍKISMÁLUM

### Ísland og UNESCO gera rammasamning um þróunarsamvinnu

**26. apríl 2019** Ísland og Menningar- málafundur Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) hafa gert með sér samstarfssamning á sviði þróunarsamvinnu... Rammasamningurinn er sá fyrsti sem Ísland og UNESCO gera um þróunarsamvinnu. Annars vegar er um að ræða framlag til verkefnis sem miðar að því að styrkja getu fátækra ríkja við að innleiða umbætur á sviði menntamála. Hins vegar er framlag til að stuðla að tjáningarfrelsi og öryggi blaðamanna í þróunarlöndum.

### Utanríkisráðherra heimsækir Síerra Leóne

**9. október 2019** Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra er í Síerra Leóne í vinnuheimsókn þar sem hann hefur kynnt sér þróunarsamvinnuverkefni Íslands í landinu á sviði sjávarútvegs- og jafnréttismála og hitt ráðamenn til að ræða þróunarsamvinnu landanna. Ráðherra hóf ferðina á heimsókn í grunnskóla þar sem Ísland styður við heilbrigðisverkefni fyrir unglingsstúlkur á blæðingum sem dregur úr brottfalli stúlkna.

### Ályktun Íslands um mannréttindaástand á Filippseyjum samþykkt

**11. júlí 2019** Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti í dag ályktun sem Ísland hafði lagt fram í ráðinu um stöðu mannréttindamála á Filippseyjum. Atkvæðagreiðslunni lyktaði þannig að 18 studdu ályktunina, 15 sátu hjá og 14 voru á móti. Er þetta í fyrsta skipti sem Ísland lætur að sér kveða með þessum hætti í ráðinu og í fyrsta skipti sem ályktun er samþykkt á þessum vettvangi um stöðu mannréttinda á Filippseyjum.

# Ný stefna í þróunarsamvinnu



Ný stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu var samþykkt af Alþingi í maí á síðasta ári. Yfirmarkmið stefnunnar er að draga úr fátækt og hungri og stuðla að almenntri velferð á grundvelli mannréttinda, kynjajafnréttis og sjálfbærrar þróunar. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru leiðarljós stefnunnar.

Tvíhliða samstarfsþjóðir Íslands í þróunarsamvinnu eru tvö, Malaví og Úganda, þar sem unnið er að mestu leyti í samstarfi við héraðsyfirvöld og stofnanir Sameinuðu þjóðanna. Í svæðasamstarfi er unnið með fleiri þjóðum, jarðhita-verkefni sem náði til sjö ríkja í Sigdalnum í austurluta Afríku lauk á síðasta ári. Í Vestur-Afríku var veittur aukinn stuðningur við verkefni í Síerra Leóne og Líberíu í samvinnu við heimamenn og alþjóðastofnanir, flest á sviði fiskimála og jafnréttismála. Utanríkisráðherra fór til Síerra Leóne síðastliðið haust til að kynna sér verkefni Íslands.

## Fjölþjóðleg þróunarsamvinna

Alþjóðabankinn, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women), Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) eru áherslustofnanir Íslands í fjölþjóðlegri

þróunarsamvinnu. Ísland leggur einnig mikið til mannúðaraðstoðar, einkum í samstarfi við stofnanir Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaráð Rauða krossins en einnig er unnið með frjálsum félagasamtökum að mannúðarmálum og þróunarsamvinnu. Vopnuð átök, loftslagsbreytingar og fátækt hafa leitt til þess að þörfin fyrir neyðar- og mannúðaraðstoð fer stöðugt vaxandi.

## GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu

Um síðustu áramót hófst nýr kafli í sögu skólanna fjögurra sem starfað hafa hér á landi um langt árabíl, Jarðhitaskólans, Sjávarútvegs-skólans, Landgræðsluskólans og Jafnréttis-skólans. Tekið var upp samstarf við Mennta- og menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og í tengslum við það stofnuð sjálfstæð miðstöð með eigin stjórn sem nefnist GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu.

## Fjölþjóðleg þróunarsamvinna



777 milljóna króna stuðningur veittur til ýmissa stofnana vegna mannúðar- og neyðaraðstoðar.



8 Ísland leiðir kjördæmastarf átta ríkja á vettvangi alþjóðabankans.



43.500 flóttamenn og heimafólk í Norður-Úganda njóta góðs af samstarfsverkefni Íslands og UNICEF.



194 ríki standa að Græna loftslagssjóðnum og tvöfaldaði Ísland framlög sín.

## Tvíhliða þróunarsamvinna



13.000 heimili í Mangochi-héraði í Malaví fengu nýja salernisaðstöðu.



40.000 manns í Síerra Leóne fengu aðgang að hreinu vatni.



88 milljóna króna stuðningur til samstarfshéraða í Úganda og Malaví vegna Covid-19.



2.000 fiskisölu konur njóta í hverri viku góðs af bættum aðbúnaði á fiskmarkaði í Úganda.



81.000 manns hafa bættan aðgang að fæðingarþjónustu í Mangochi-héraði í Malaví.

# Kveðja frá borgaraþjónustunni

Þegar COVID heimsfaraldurinn lokaði landamærum og setti ferðalögum ófyrirséðar skorður lagðist öll utanríkisþjónustan á eitt að aðstoða Íslendinga við að komast heim. Staða sumra var flókin og það gladdi okkur mjög að geta leyst úr vanda fjölmargra. Sendiráðin öfluðu upplýsinga um takmarkanir og ferðamögu-leika þannig að við gætum veitt haldbæra ráðgjöf um það hvernig best væri að komast heim.

Í pósthólfi borgaraþjónustu er mappa með heitinu *ást og rómantik* enda hafa ástfangnir í ólíkum löndum leitað ráða um leiðir til að hittast þegar nánast engar flugvélar fara um háloftin. Verkefnið gerast vart skemmtilegrí!

Við erum þakklát fyrir að hátt í tólf þúsund manns skráðu sig á lista borgaraþjónustunnar og gáfu okkur þannig glögga mynd af verkefninu sem við stóðum frammi fyrir. Við hringdum í fjölmarga til að kanna hvort það væri enn statt erlendis og þótt sumir yrðu hissa að fá upphringingu frá utanríkisráðuneytinu tóku flestir erindinu vel. Þakklætispóstar sem okkur hafa borist hafa enn frekar verið okkur hvatning til að halda áfram.



Nú þegar flestir sem vildu hafa snúið heim, tekur hefðbundin borgaraþjónusta við. Við minnum ykkur því á að endurnýja vega-bréfin svo þið verðið ferðbúin þegar aftur verður ferðafært og passa vel upp á þau. Sendiskrifstofurnar okkar og ræðismenn eru ávallt til þjónustu reiðubúin – en fyrirhyggja borgar sig alltaf.

*Okkar allra bestu kveðjur,  
borgaraþjónusta utanríkisráðuneytisins*

## ÞAKKLÆTI

Hverjum hópi sem heim var kominn var fagnað af borgaraþjónustunni eins og marki í íþróttakappleik, tilfinningarnar miklar og útfylltir tékklistar rifnir niður af veggjum. Það er góð tilfinning að geta hjálpað fólki í erfiðum og taugatrekkjandi aðstæðum sem reyna á þolrif allra hlutaðeigandi.

„Ég er örugglega búin að vera í meira sambandi við utanríkisráðuneytið síðustu viku en nokkurn annan, þau eru búin að vera ótrúlega hjálpleg og veit að þau eru að vinna í einhverri lausn á að koma mér, og a.m.k. 30 öðrum Íslendingum sem eru fastir hérna, í flug heim.“ Söldís Alda Óskarsdóttir, ferðalangur á Balí, mbl.is

„Ég er þakklátur fyrir ævintýrið, hjálpinu og samheldnina sem ég hef fundið fyrir í gegnum þetta allt saman.“ Ónefndur ferðalangur sem kom heim frá Suður-Ameríku.

„AFS á Íslandi vill opinberlega þakka utanríkisráðuneytinu ómetanlega aðstoð og gott samstarf síðastliðnar vikur. Fagmennska og úrlausnarefni alla leið,“ skrifuðu fræðslusamtökin á Facebook en ungt fólk á þeirra vegum var stutt um víða veröld þegar faraldurinn skall á.

„Þegar ég sagði [erlendum] tengdaforeldrunum mínum ... að þið hefðuð hringt í mig til að athuga stöðuna á mér þá voru þau agndofa. Ég er mjög þakklát fyrir að vera Íslendingur á þessum tímum.“

# Íslensk utanríkismál

Útdráttur úr skýrslu utanríkis-  
og þróunarsamvinnuráðherra  
til Alþingis 2020